

Miðvikudaginn 10. maí 1933.

Nr. 81/1932. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

James Shaughnessy (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 4. maí 1932: Kærður, James Shaughnessy, greiði 15000 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands og komi 6½ mánaðar einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri þar með talir dragstrengir í b/v H 342, Kingston Garnet, séu upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík hefir meðal annars markað stað varðskipsins „Óðinn“ kl. 6,23 árdegis 2. maí f. á., er varðskipið setti út dufl í kjölfar togarans „Kingston Garnet“, og staðfestir sú staðarákvörðun þá niðurstöðu varðskipsyfirmannanna, að nefndur togari hafi verið að botnvörpuveiðum í landhelgi. Með þessari athugasemd ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að sektin ákveðst, með tilliti til dags gengis íslenzkrar krónu, sem nú er 55,52, 18200 krónur, og komi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, 7 mánaða einfalt fangelsi.

Eftir þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að sektin ákveðst 18200 krónur, og komi í stað hennar, 7 mánaða einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo skal og kærði, James Shaughnessy, greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsteds, 150 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn James Shaughnessy, skipstjóra á b/v H. 342 Kingston Carnet, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Málavextir eru þannig eftir því sem segir í skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðinn.

Aðfaranótt mánudagsins 2. maí hélt Óðinn sig á svæðinu Hafnarberg, Kirkjuvogur. Laust fyrir kl. 6 árdegis sást togari koma að norðan, og hafa SSV læga stefnu.

Kl. 6,04 lá Óðinn stöðvaður með stefnu upp að landi, var þá tekin eftirfarandi staðarákvörðun:

Þórðarfell

> 53° 15'

Reykjanesvitinn

> 48° 00'

Eldey

milli Stafnesvita og togarans mælt 70,00. Fjarlægð til togarans mæld 2000 metrar.

Kl. 6,13 sett á fulla ferð, beygt til vinstri og haldið í áttina til togarans. Kl. 6,18 sett stöðvunarmerki (flögg), einnig gefið stöðvunarmerki með eimpípunni, og var það endurtekið við og við. Sneri þá togarinn til stb. út frá landinu.

Kl. 6,20 var gerð þessi staðarákvörðun:

Þórðarfell	> 50° 30'
Reykjanesvitinn	> 45° 30'
Eldey	

Milli Reykjanesvita og togarans mælt 58,30.

Kl. 6,23 sett út bauja í kjölfar togarans skammt aftan við hann, og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Þórðarfell	> 49° 58'
Reykjanesvitinn	> 48° 25'
Eldey	

Dýpi 84 metrar, og gefur það 0,7 sjómilur innan landhelgi, og bar þá togarinn í Eldey. Togarinn hélt ferð sinni stöðugt áfram út frá landinu og tók sýnilega ekkert tillit til stöðvunarmerkja varðsupsins.

Kl. 6,30 var komið að togaranum, sem hafði stb.vörpu úti, var þá kallað yfir til skipstjóra togarans um að stöðva skip sitt, þar eð hann væri grunaður um að hafa veitt innan landhelgi. Stöðvaði hann þá skip sitt rétt á eftir, setti út bauju, og var þar tekin eftirfarandi staðarákvörðun:

Þórðarfell	> 47° 20'
Reykjanesvitinn	> 51° 50'
Eldey	

Dýpi 94 metrar, og er það rétt á landhelgislinunni.

Var síðan skotið út bát og skipstjóri togarans sóttur. Honum voru sýndar á sjávarupprætti athuganir þær, er gerðar höfðu verið frá varðskipinu.

Hann neitaði harðlega að hafa verið að veiðum innan landhelgislinunnar. Honum var þá boðið að kalla upp enska varðskipið Cherwell, og biðja það að koma á vett-

vang, og þáði hann það. Kl. um 8 leytið náðist samband við varðskipið, og lofaði það að koma, og kvaðst mundi vera á staðnum kl. 2 síðd. eftir isl. tíma. Klukkan 1,20 síðd. kom enska varðskipið.

Kom skipherrann þá þegar um borð í Óðinn, og leit á athuganir þær á sjávaruppraættinum, sem gerðar höfðu verið. Fór hann síðar um borð í skip sitt aftur, og tók skipstjóra togarans með sér og gerði athuganir við baujurnar, kom síðan um borð í Óðinn og gerði þar ásamt skipherranum á Óðni eftirfarandi staðarákvörðun rétt NV við bauju Óðins.

Stafnesviti

> 110° 00'

Reykjanesvitinn

> 48° 00'

Eldey

og er það 0,35 sjómíliur innan landhelgi.

Var síðan haldið til Reykjavíkur og kom varðskipið þangað með togarann kl. 9 síðdegis.

Kærður hefir þær athugasemdir fram að færa við skýrslu þessa, að baujan hafi ekki verið sett út í kjölfar skips síns, heldur innar, og því sanni mælingarnar, sem við baujuna hafi verið gerðar, ekkert til eða frá um það hvar hann hafi verið að veiðum. Hinsvegar kveðst kærður alls ekki vefengja það, að mælingarnar séu réttar, enda eru þær gerðar af þaulæfðum mönnum og með beztu tækjum undir ágætum skilyrðum að öðru leyti. Það verður því að telja það fullsannað, að baujurnar hafi verið á þeim stað sem þeim er ákveðinn í skýrslu skipherrans svo sem segir hér að framan.

Kærður segir sjálfur svo frá að hann hafi byrjað að kasta kl. 5,35 árdegis og síðan hafi hann togað í SSV unz hann var stanzaður kl. 6,20 af varðskipinu, enda telur hann sig hafa stanzað þegar er varðskipið gaf stöðvunarmerkin. Þegar hann stanzaði kveðst hann hafa látið setja út bauju og hafi verið gerðar staðarákvarðanir við hana. Með því að gera miðanir yfir kompás, Stafnes A til N og Reykjanes S til A og kveður hann það vera um $\frac{3}{4}$ úr sjómílu utan landhelgislinu.

Samhljóða þessum framburði kærðs er framburður stýrimanns hans í öllum aðalatriðum. Stýrimaður kveður

síð hafa gert framangreindar kompásmiðanir og komið að sömu niðurstöðu og kærður um stað togarans er hann stanzaði, hann telur að stefna togarans meðan þeir tog-uðu hafi verið SSV, að bauja varðskipisins hafi ekki verið sett í kjölfar togarans heldur innar og að togarinn hafi stanzað þegar er varðskipið gaf stöðvunarmerkin.

Við samanburð á staðarákvörðun kærðs annarsvegar og staðarákvörðun skipherrans á varðskipinu Óðinn og staðarákvörðun skipherans á enska varðskipinu Cherwell, sem málfærslumaður váttryggjenda og eigenda togarans hefir lagt fram í málinu, kemur það greinilega í ljós að staðarákvarðanir kærðs eru mjög lítið ábyggilegar. Og með því að þrír stýrimenn á varðskipinu Óðinn hafa unnið eið að því og skipherrann staðfest það með tilvísun til embættiseiðs síns, að togarinn hafi haft þá stefnu, sem segir í skýrslu skipherrans, og að baujan hafi verið sett út í kjölfar hans verður með tilvísun til þess sem að fram-an segir um mælingarnar að telja það fullsannað, að kærður í þessu máli hafi verið að veiðum í landhelgi með stjórnborðsvörpu rétt áður en varðskipið Óðinn kom að honum kl. 6,30 árd. 2. þ. m.

Jafnframt verður að telja það fullsannað, að kærður hafi ekki stanzað þegar honum voru gefin stöðvunarmerkin, sem honum bar þá skylda til. Kærður hefir ekki áður sætt refsingu fyrir brot á Fiskiveiðalöggjöfinni.

Kærður hefir því að áliti réttarins brotið gegn ákvæðum 1. greinar laga nr. 5 frá 18. maí 1920, bann gegn botnvörpuveiðum, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið fyrir það eftir 3. gr. laga, sbr. 1. gr. laga nr. 4 frá 1924, hæfilega ákveðin 15000 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands, með tilliti til þess að gengi íslenkrar krónu er nú í dag þannig, að hún jafngildir 61,50 aurum gulls, og komi í stað sektarinnar 6½ mánaðar einfalt fangelsi ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir í b/v H 342 Kingston Garnet séu upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.